

Samantekt um hlutverk eftirlitsaðila endurskoðenda

Ný lög um endurskoðendur nr. 79/2008

Gildistaka laganna var 1. janúar 2009. Lögin eru sett til innleiðingar á 8. félagatilskipun ESB sem kallaði á umfangsmiklar breytingar á eldri lögum um endurskoðendur. Markmið tilskipunarinnar er annars vegar að kröfur og gæði endurskoðunar verði sambærileg á EES-svæðinu og hins vegar að auka tiltrú fjárfesta á endurskoðuðum ársreikningum.

Með nýju lögnum urðu breytingar á eftirlitshlutverki Fjármálaráðuneytisins, Endurskoðendaráðs og svo Félags löggiltra endurskoðenda.

Hlutverk ráðherra og ráðuneytis er margþætt.

Í fyrsta lagi að veita réttindi með löggildingu til endurskoðendastarfa. Í því felst eftirfarandi

- Veiting réttinda (2. gr.)
- Að gefa út löggildingarskírteini (4. gr.)
- Niðurfelling réttinda (25. gr.)
- Birting opinberrar skráar (4. gr.)
- Að auglýsa löggildingu, skráningu og niðurfellingu (4. gr.)

Í öðru lagi að setja reglugerðir um:

- Próftöku og framkvæmd prófa (5. gr.)
- Ákveða váttryggingafjárhæðir starfsábyrgðatrygginga (6. gr.)
- Endurmenntun (7. gr.)
- Nánari framkvæmd laganna (31. gr.)

Hlutverk Endurskoðendaráðs er að hafa eftirlit með endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum, að þeir ræki störf sín í samræmi við lög, siðareglur FLE og aðrar reglur (15. gr.)

Tilgangur laganna er að Endurskoðendaráð fylgist sérstaklega með:

- að endurskoðandi uppfylli skilyrði til löggildingar
- að endurskoðandi uppfylli kröfur um endurmenntun
- að reglulegt gæðaeftirlit fari fram
- að til séu siðareglur og endurskoðunarstaðlar
- að samvinna sé við lögbær yfirvöld EES við eftirlit og rannsóknir með störfum endurskoðenda

Endurskoðendaráð sinnir hlutverki sínu með því að

- taka mál til meðferðar að eigin frumkvæði (16. gr.)
- úrskurða í kær- og ágreiningsefnum (16. gr.)
- vísa máli til opinberrar rannsóknar (16. gr.)
- láta í té upplýsingar til dómstóla, ákærvalds og stjórnvalda – umsagnir varðandi efni á sviði endurskoðunar (18. gr.)
- með því að beita gæðaeftirlit (22. gr.)

Eftirlits hlutverk Endurskoðendaráðs felst í því

- að setja reglur um framkvæmd og val gæðaeftirlitsmanna (22. gr.)
- að birta upplýsingar um heildarniðurstöðu gæðaeftirlitsins (22. gr.)
- að skýrslur um gagnsæi séu birtar (29. gr.)
- að skipa þriggja manna prófnefnd til fjögurra ára í senn (5. gr.)

Tillögur til ráðherra - hlutverk endurskoðendaráðs snýr einnig að tillögum til ráðherra um:

- Próf (5. gr.)
- Niðurfellingu réttinda (17. gr.)
- Veitingu undanþága varðandi próf til að endurnýja niðurfelld réttindi (25. gr.)
- Váttryggingafjárhæðir stafsábyrgðatrygginga (6. gr.)
- Starfsreglur til samþykktar hjá ráðherra (18. gr.)

Hlutverk FLE er að stuðla að faglegri framþróun í endurskoðun og skyldum greinum (14. gr.). Skylduaðild er að félaginu til þess að það geti sinnt skyldum sínum gagnvart Endurskoðendaráði (12. gr.) og felast í því:

- að setja siðareglur
- að gangast fyrir endurmenntunarnámskeiðum
- að annast framkvæmd gæðaeftirlits
- að halda skrá yfir gildandi starfsábyrgðatryggingu endurskoðenda
- að halda skrá yfir starfsmenn í starfsþjálfun
- að tilnefna tvo fulltrúa í Endurskoðendaráð